

Frumkvæðisathugun á upplýsingagjöf um þjónustu við fatlað fólk á vefsíðum sveitarfélaga

Íris Dögg Lárusdóttir, teymisstjóri eftirlitsteymis GEV

Tómas Ingi Adolfsson, sérfræðingur í eftirlitsteymi GEV

Kynning fyrir aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks, 6. júní 2024

Tilurð athugunarinnar

- Árið 2020 barst forvera stofnunarinnar, Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar (GEF), erindi frá réttindagæslu fatlaðs fólks þar sem meðal annars var greint frá skorti á upplýsingum á vefsíðum sveitarfélaga varðandi þjónustu við fatlað fólk.
- Fram kom að aðgengi að upplýsingum væri ábótavant, t.d. varðandi umsóknir og umsóknarferli vegna þjónustunnar.
- Í kjölfarið var framkvæmd athugun á vefsíðum nokkurra sveitarfélaga.
- Niðurstöður leiddu í ljós að upplýsingagjöf var ábótavant á ýmsum sviðum, t.d. var ekki vísað í nógildandi löggjöf.
- Fyrr á þessu ári var ákveðið að fylgja eftir fyrri athugun en nú beinist athugunin að vefsíðum allra sveitarfélaga landsins.

Markmið athugunarinnar

- Að stuðla að aðgengilegri upplýsingagjöf um þá þjónustu sem fatlað fólk á rétt á samkvæmt nágildandi lögum og aðgengilegra umsóknarferli vegna þjónustu við fatlað fólk.
- Að stuðla að því að sveitarfélög uppfylli 32. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, þar sem kveðið er á um frumkvæðisskyldu sveitarfélaga. Þar kemur meðal annars fram að sveitarfélögum sé skylt að kynna umsækjanda þá þjónustu sem hann á rétt á.

Þættir til skoðunar

Við framkvæmd athugunarinnar var farið yfir upplýsingagjöf á vefsíðum sveitarfélaga til fatlaðs fólks sem könnuð var út frá eftirfarandi þáttum sem kveðið er á um í lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir:

- Stoðþjónusta skv. 8. gr.
- Búseta skv. 9. gr.
- Notendasamningar skv. 10. gr.
- NPA skv. 11. gr.
- Stuðningsfjölskyldur skv. 15. gr.
- Frístundaþjónusta skv. 16. gr.
- Skammtímadvöl skv. 17. gr.
- Vernduð vinna, hæfing og dagþjónusta skv. 24. gr.

Einnig var upplýsingagjöf sveitarfélaganna könnuð út frá eftirfarandi þáttum úr lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga:

- Akstursþjónusta skv. 29. gr.
- Stuðningsþjónusta skv. VII. kafla laganna.

Viðmið athugunarinnar

- Eru upplýsingar um þjónustuna aðgengilegar?
- Eru upplýsingar um umsóknarferli vegna þjónustunnar aðgengilegar?
- Vísa upplýsingar og reglur í núgildandi löggjöf?
- Ef umsóknarferli er rafrænt, er tekið fram hvernig hægt sé að leitast eftir þjónustunni utan rafrænna leiða?

Niðurstöður og framhaldið

- Að lokinni athugun fá sveitarfélög sendar niðurstöður athugunarinnar.
- GEV mælist til þess að bætt verði úr þeim þáttum sem er ábótavant, með vísan í 32. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- Verkefni númer A.12 í landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks felur í sér að hægt verði að nálgast með einföldum hætti upplýsingar um réttindi og þjónustu við fatlað fólk og fjölskyldur þess á einum stað. Tímaáætlun verkefnisins er frá 2025 – 2027. GEV leggur áherslu á að sveitarfélög bæti úr upplýsingagjöf á sínum vefsvæðum, sérstaklega á meðan verkefninu er ekki lokið.